

Nd.

516. Nefndarálit

[126. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja jörðina Bakkasel í Öxnadalshreppi.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Með sérstöku tilliti til þess, að Bakkasel í Öxnadal getur haft mikilvægu hlutverki að gegna sem sæluhús eða hjálparstöð fyrir vegfarendur um Öxnadalshreiði, og við endurskoðun vegalaganna, sem nú er yfirstandandi, mun fjallað sérstaklega um slíkar stöðvar, legg ég til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að endurskoðun vegalaga er yfirstandandi og við þá endurskoðun hlýtur að verða fjallað um sæluhús eða hjálparstöðvar við erfiða þjóðvegi, en Bakkasel er einmitt einn þeirra staða, er mjög kemur til mála sem slíkur, samþykkir deildin að fresta að svo komnu afgreiðslu þessa máls og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. apríl 1963.

Karl Guðjónsson.